

## Byrði húsnæðiskostnaðar 2004–2013

### *The housing cost burden 2004–2013*

#### Samantekt

Árið 2013 nam byrði húsnæðiskostnaðar meðaleinstaklings um 16,8% af ráðstöfunartekjum og hafði þá haldist nokkuð stöðug frá 2006. Undirliggjandi voru þó allnokkrar breytingar á húsnæðisbyrði fólks eftir mismunandi stöðu á fasteignamarkaði, þ.e. byrðin hækkaði hjá leigjendum en lækkaði hjá fólki sem bjó í eigin húsnæði.

Peir sem greiða 40% eða meira af ráðstöfunartekjum sínum eru taldir búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað. Eftir 2006 lækkaði hlutfall þeirra sem svo var ástatt um. Próunin var þó ólík eftir hópum. Hlutfallið hækkaði hjá leigjendum en lækkaði hjá eigendum, hækkaði hjá heimilum með einn fullorðinn einstakling sem átti börn en lækkaði hjá heimilum tveggja fullorðinna með tvö börn, hækkaði hjá fólki yngra en 30 ára en lækkaði á öðrum aldursbilum. Þá var íþyngjandi húsnæðiskostnaður mun tíðari hjá fólki í lægsta tekjufimmtungi en hjá tekjuhærri hópum.

Byrði húsnæðiskostnaðar og hlutfall fólks með íþyngjandi húsnæðiskostnað er í meðallagi á Íslandi samanborið við önnur Evrópulönd árið 2012.

#### Inngangur

Húsnæðismál eru mikilvægur þáttur í líf skjörum og lífsgæðum fólks. Ýmsir eiginleikar húsnæðisins sjálfs — svo sem stærð og gæði — eru lífsgæði í sjálfu sér, en húsnæði hefur einnig áhrif á líf skjör eftir því hve stórum hluta ráðstöfunartekna sinna fólk ver í húsnæðiskostnað. Í þessu hefti verður fjallað um samspil húsnæðiskostnaðar og tekna á tímabilinu 2004–2013, auk þess sem staða mála á Íslandi verður borin saman við önnur lönd Evrópu.

Rétt er að benda á að hér er horft til húsnæðiskostnaðar fremur en húsnæðisverðs (sjá lið 4 í „Skýringar og hugtök“). Húsnæðiskostnaður er allur sá kostnaður sem fellur til við að reka húsnæði, en húsnæðisverð er aðeins einn þessara þátta. Fyrir vikið verður að fara varlega í að draga ályktanir um húsnæðis- og leigumarkaði á Íslandi, þó að tölurnar gefi vísbendingar, enda eru afborganir og leigugreiðslur veigamikill hluti húsnæðiskostnaðar. Tölurnar gefa skýra mynd af áhrifum þess að reka húsnæði á líf skjör fólks þegar horft er til allra kostnaðarliða.


## Byrði húsnæðiskostnaðar

Meðal Íslendingurinn greiddi 16,8% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði árið 2013

Til að fá skýra mynd af áhrifum húsnæðiskostnaðar á lífskjör verður að setja hann í samhengi við ráðstöfunartekjur fólks. Hin hefðbundna leið í evrópskri hagskýrslugerð er að greina svokallaða „byrði húsnæðiskostnaðar“ með því að reikna kostnaðinn sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Til að greina byrði meðal einstaklingsins er hægt að nota annað hvort meðaltal eða miðgildi. Mynd 1 sýnir þróun beggja þessara mælinga á tímabilinu 2004–2013. Þegar línurnar eru bornar saman er tvennt sem stendur upp úr; annars vegar hversu vel línurnar fylgjast að og hins vegar að meðaltalið er hærra en miðgildið.

### Mynd 1. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum

Figure 1. Share of housing costs in disposable income



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Miðgildi af hlutfalli húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum  $\pm 0,5$ . Meðalhlutfall húsnæðiskostnaðar  $\pm 0,6$ . CI (95%) 2011: Median share of housing costs  $\pm 0,5$ . Mean share of housing costs  $\pm 0,6$ .

Línurnar fylgjast nokkuð vel að þar sem þær segja nokkurn veginn sömu söguna hvað varðar þróun yfir tíma. Meðaltalið er þó nokkuð hærra en miðgildið þar sem byrði húsnæðiskostnaðar er skekkt uppá við, þ.e. allmargir einstaklingar eru með mjög þunga byrði. Slíkir einstaklingar toga upp meðaltalið fyrir allan hópinn. Miðgildið endurspeglar hinsvegar þann einstakling sem er í miðri dreifingunni og sem slíkt er það ekki næmt fyrir útliggjandi gildum á sama hátt og meðaltalið. Vegna þessa er gjarnan horft til miðgildis þegar unnið er með tekjudreifingar. T.d. eru lágtekjumörk skilgreind sem 60% af miðgildi tekna í hverju þjóðfélagi. Þegar dreifing er mjög skekkt gefur miðgildið í raun betri mynd en meðaltalið af „hinum dæmigerða“ einstaklingi.

Þegar þróun byrði húsnæðiskostnaðar er skoðuð út frá miðgildinu sést að hún náði hámarki árið 2006, en það ár varði meðaleinstaklingurinn 18,7% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæðiskostnað. Byrðin lækkaði niður í 16,6% árið 2007 en hélst svo óbreytt til 2009 (þær litlu breytingar sem urðu frá ári til árs eru innan viki-marka). Á milli 2009 og 2010 hækkaði byrðin úr 16,4% í 17,5% en lækkaði aftur niður í 16,0% árið 2011. Þessar breytingar á milli ára eru allar tölfræðilega marktækar. Eftir 2011 jókst byrðin lítillega frá ári til árs og var komin í 16,8% árið 2013. Munurinn á árunum 2011 og 2013 er tölfræðilega marktækur þó að breytingin frá einu ári til annars sé það ekki.


Miðgildi og meðaltöl gefa vissa mynd af almennri þróun. Sú þróun sem sést í mynd 1 einkennist af frekar miklum stöðugleika. Á bakvið þennan stöðugleika geta hinsvegar leynst umtalsverðar breytingar hjá hópum sem toga í sitthvora áttina. Ef byrðin eykst verulega hjá sumum hópum en minnkar hjá öðrum getur heildarmyndin engu að síður einkennst af stöðugleika. Því er mikilvægt að skyggjast undir yfirborðið og skoða þróun mismunandi hópa.

*Leigjendur á almennum markaði voru með þyngsta byrði húsnæðiskostnaðar árið 2013*

Fyrsta skrefið er að aðgreina fólk eftir stöðu á fasteignamarkaði og skiptir þar mestu að sumir eru í eignarhúsnæði en aðrir í leiguhúsnæði, en ólíkir þættir hafa áhrif á þessa hópa. Til að mynda flytur fólk á leigumarkaði oftar en fólk í eignarhúsnæði og því má ætla að byrði húsnæðiskostnaðar hinna fyrrnefndu sé næmari fyrir verðbreytingum, t.d. ef aukin eftirspurn eftir leiguhúsnæði leiðir til verðhækkana. Hér þarf þó að greina á milli tveggja hópa leigjenda, þ.e. þeirra sem leigja húsnæði sitt á almennum markaði og þeirra sem leigja húsnæði sitt undir markaðsverði í gegnum tiltekin húsnæðisúrræði á borð við félagslegar leiguíbúðir sveitarfélaga eða námsmannahúsnæði. Að sama skapi er rétt að aðgreina þá sem búa í eignarhúsnæði eftir því hvort þeir eru með húsnæðislán eða eiga húsnæði sitt skuldlaust þar sem húsnæðiskostnaður þeirra síðarnefndu er alfarið tilkominn af rekstri og viðhaldi húsnæðisins en ekki vegna afborgana.

## Mynd 2. Miðgildi hlutfalls húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum eftir stöðu á fasteignamarkaði

Figure 2. Median share of housing cost in disposable income by tenure status



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Eigendur í skuldlausu húsnæði  $\pm 1,0$ ; eigendur með fasteignalán  $\pm 0,5$ ; leigjendur sem borga markaðsverð  $\pm 2,2$  og leigjendur sem borga niðurgreidda leigu  $\pm 2,1$ . CI (95%) 2011: Owners without a mortgage  $\pm 1,0$ ; owners with a mortgage  $\pm 0,5$ ; tenants paying market price  $\pm 2,2$  and tenants paying reduced price  $\pm 2,1$ .

Mynd 2 sýnir hvernig byrði húsnæðiskostnaðar þróast hjá ólíkum hópum á fasteignamarkaði frá 2004 til 2013. Fyrir leigjendur á almennum markaði einkennist langtímaþróunin af hækkun, a.m.k. frá árinu 2007, þó að það séu allnokkrar sveiflur frá ári til árs. Árið 2007 varði meðalleigjandi á almennum markaði um 19,9% af ráðstöfunartekjum í húsnæði. Árið 2013 var hlutfallið 24,5%. Fyrir leigjendur í hverskyns búsetuúrræðum er heildarþróun húsnæðisbyrðarinnar einnig upp á við. Þróunin er þó ekki stöðug yfir tíma, heldur er um tvær nokkuð snarpar hækkunarir að ræða og eina lækkun. Fyrri hækkunin var á milli árunna 2005 og 2007, þegar byrðin fór úr 12,2% í 15,5%. Seinni hækkunin varð svo á milli árunna 2010 og 2011 þegar húsnæðisbyrðin fór úr 14,2% í 21,5% á aðeins einu ári. Lækkunin

varð á milli áráanna 2011 og 2012, úr 21,5% í 17,2%. Árið 2013 var húsnæðisbyrði þessa hóps 17,6%, en munurinn á milli 2012 og 2013 er ekki tölfræðilega marktækur.

Fyrir báða hópa eigenda er langtímaþróunin niður á við, þ.e. húsnæðisbyrðin lækkar. Það er eigi að síður full ástæða til að skoða breytingar sem verða á tilteknum tímapiunktum. Hjá þeim sem áttu húsnæði sitt skuldlaust lækkaði byrðin úr 13,7% af ráðstöfunartekjum árið 2006 í 7,6% árið 2011. Breytingarnar áttu sér að mestu stað á tveimur tímabilum, þ.e. frá 2006 til 2007 (úr 13,7% í 10,7%) og frá 2010 til 2011 (úr 9,4% í 7,6%). Árið 2012 hækkaði húsnæðisbyrðin hinsvegar upp í 11,4% en lækkaði svo í 10% árið 2013. Sú breyting er tölfræðilega marktæk.

*Árið 2013 var byrði húsnæðiskostnaðar eigenda með húsnæðislán ekki hærrí en hún var á árunum 2004–2008*

Hvað varðar eigendur með húsnæðislán þá hækkaði húsnæðisbyrðin úr 19,8% árið 2004 í 20,2% árið 2006, en lækkaði svo í 17,4% árið 2007. Þá hélst hún stöðug til ársins 2009 en hækkaði svo í 18,4% árið 2010. Munurinn á milli 2009 og 2010 er tölfræðilega marktækur. Húsnæðisbyrði hópsins lækkaði svo aftur á milli 2010 og 2011 niður í 16,1% og hefur ekki mælst minni fyrir þennan hóp. Síðan þá hefur byrði hópsins hækkað og árið 2013 stóð hún í 16,9%. Munurinn á milli 2011 og 2013 er tölfræðilega marktækur enda þótt breytingar frá einu ári til annars á tímabilinu séu það ekki.

Þær breytingar sem urðu á byrði húsnæðiskostnaðar, bæði frá ári til árs og yfir lengra tímabil, ákvarðast af breytingum á tveimur þáttum, húsnæðiskostnaði og tekjum. Að sama skapi er munur á milli hópa á fasteignamarkaði hvað varðar ráðstöfunartekjur. Þó að byrði húsnæðiskostnaðar hjá leigjendum á almennum markaði hafi verið hærrí en byrði eigenda með húsnæðislán, þá felst ekki í því að húsnæðiskostnaður fyrri hópsins hafi verið hærrí, heldur eru ráðstöfunartekjur hópsins lægri. Hækkun húsnæðisbyrðar hjá leigjendum þarf heldur ekki að endurspeglar hækkan húsnæðiskostnaðar, heldur gæti samsetning hópanna hafi breyst þannig að hlutfall fólks með lágur tekjur hafi hækkað á meðal leigjenda.


*Árið 2012 var húsnæðisbyrði Íslendinga svipuð og íbúa Evrópusambandsins*

Til að meta hvort byrði húsnæðiskostnaðar sé mikil eða lítil á Íslandi er gagnlegt að bera okkur saman við aðrar Evrópuþjóðir. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, birtir slíka mælingu úr Lífskjararannsókn sinni (EU-SILC) á vef sínum, en þegar þetta er skrifað ná gögn Eurostat aðeins til 2012 (og aðeins til 2011 fyrir Írland). Þessar tölur má sjá í mynd 3 á næstu síðu.

Ísland er staðsett nokkurn veginn í miðri dreifingunni með húsnæðisbyrði sem er svipuð og fyrir Evrópusambandið og evrusvæðið í heild sinni. Byrðin var áberandi hæst í Grikklandi (31,0%), en næst á eftir komu Holland með 26,7% og Danmörk með 25,5%.

### Mynd 3. Miðgildi hlutfalls húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum 2012, evrópskur samanburður

Figure 3. Median share of housing cost in disposable income 2012, European comparison



Skýringar Notes: Talan fyrir Írland er frá 2011. The figure for Ireland is from 2011. Heimild Source: Eurostat.

### Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður


Hlutfall Íslendinga sem með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað lækkaði eftir 2006

Miðgildi af byrði húsnæðiskostnaðar er mæling á stöðu meðaleinstaklingsins. Hinsvegar er dreifing húsnæðisbyrðarinnar umtalsverð. Það þýðir að einhver hópur fólks býr við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað, þ.e. þeir sem greiða 40% eða meira af ráðstöfunartekjum í húsnæðiskostnað. Ætla má að húsnæðiskostnaður þrenგი verulega að líf skjörum fólks sem þannig er háttáð um, a.m.k. í lægri þrepum tekjustigans.

Mynd 4 sýnir hlutfall fólks á Íslandi sem bjó við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað á tímabilinu frá 2004 til 2013. Hlutfallið hækkaði frá 2004 til 2006, úr 12,5% í 14,3%. Eftir 2006 hefur hlutfallið hinsvegar lækkað og árið 2013 var það komið niður í 8,8%.

#### Mynd 4. Hlutfall Íslendinga með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað

Figure 4. Percentage of people with housing cost overburden




**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað  $\pm 1,1$ . CI (95%) 2011: Percentage of people with housing cost overburden  $\pm 1.1$ .

Þar sem byrði húsnæðiskostnaðar var mismunandi eftir stöðu fólks á fasteignamarkaði má ætla að hlutfall fólks sem býr við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað sé einnig mismunandi. Mynd 5 staðfestir það.

Þrátt fyrir allnokkrar sveiflur á hlutfalli leigjenda á almennum markaði sem búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað er ljóst að það jókst eftir 2007, en það ár var hlutfallið 9,4% sem er það lægsta sem mælst hefur fyrir þennan hóp á Íslandi. Árið 2011 náði hlutfallið hámarki, eða 21,9%, en lækkaði svo aftur eftir það og stóð í 17,9% árið 2013, sem er hærra en hlutfall annarra hópa á fasteignamarkaði.

#### Mynd 5. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir stöðu á fasteignamarkaði

Figure 5. Housing cost overburden by tenure status



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Skuldlausir eigendur,  $\pm 2,5$ ; eigendur með fasteignalán  $\pm 1,3$ ; leigjendur sem borga markaðsverð  $\pm 4,6$  og hjá leigjendum sem borga niðurgreidda leigu  $\pm 5,0$ . CI (95%) 2011: Owners without a mortgage is  $\pm 2,5$ ; owners with a mortgage  $\pm 1,3$ ; tenants paying market price  $\pm 4,6$  and tenants paying reduced price  $\pm 5,0$ .

Svipaða sögu má segja af þeim sem leigðu húsnæði sitt í gegnum hverskyns búsetuúrræði. Fyrir þennan hóp var hlutfallið lægst árið 2006 (3,6%) og var þá lægra en hjá öðrum hópum á fasteignamarkaði. Árið 2011 var það hinsvegar komið upp í 14,0% og orðið hærra en hjá báðum hópum húsnæðiseigenda. Síðan hefur hlutfallið verið stöðugt, en árið 2013 var það 14,4% sem er ekki tölfræðilega marktæk breyting frá árinu 2011.

*Hlutfall leigjenda með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað hækkaði, en hlutfall eigenda lækkaði*

Á meðan langtímapróunin er sú að vaxandi hluti leigjenda býr við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað hefur hlutfallið lækkað á meðal eigenda. Þetta á einkum við um eigendur með húsnæðislán. Árið 2006 mældist 17,2% þessa hóps með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað, en það er hæsta hlutfallið sem hefur mælst fyrir hópinn. Lægst var hlutfallið hinsvegar árið 2013 (6,8%), en á þeim tímapunkti var munurinn á milli eigenda með og án húsnæðisláns ekki tölfræðilega marktækur.


Á meðal þeirra sem eiga húsnæði sitt skuldlaust fækkaði þeim sem bjuggu við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir 2006, úr 7,6% í 3,8% árið 2010. Eftir það einkennist þróunin af allnokkrum sveiflum, en á heildina litið hefur hlutfallið hækkað og árið 2013 stóð það í 7,0%.

*Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður mun tíðari í lægsta tekjubílinu en á öðrum tekjubílum*

Húsnæðiskostnaður fólks er ekki óháður tekjum þess. Hærri tekjur þýða gjarnan stærra og betra, og þar af leiðandi dýrara húsnæði, hærri fasteignagjöld, meiri rekstrarkostnað og í einhverjum tilvikum meiri viðhaldskostnað. Þar af leiðir að verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður fyrirfinnst í öllum þrepum tekjustigans.

#### Mynd 6. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir tekjufimmtungum

Figure 6. Housing cost overburden for different income quintiles



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Lægsti tekjufimmtugur  $\pm 4,4$ ; annar fimmtugur  $\pm 2,5$ ; þriðji fimmtugur  $\pm 2,3$ ; fjórði fimmtugur  $\pm 2,2$  og hæsti fimmtugur  $\pm 1,6$ . CI (95%) 2011: Lowest income quintile  $\pm 4,4$ ; second quintile  $\pm 2,5$ ; third quintile  $\pm 2,3$ ; fourth quintile  $\pm 2,2$  and the highest quintile  $\pm 1,6$ .

Mynd 6 sýnir hvernig hlutfall ólíkra tekjubíla þróaðist á árunum 2004–2013. Tekjubílin sem um ræðir eru svokölluð fimmtungabil sem skipta tekjudreifingunni í fimm jafnstóra hópum, frá þeim 20% sem eru með lægstu tekjurnar og upp í þau 20% sem eru með hæstu tekjurnar. Myndin sýnir að verulega íþyngjandi húsnæðisbyrði er umtalsvert algengari í hópi hinna tekjulægstu en annarra tekjuhópa. Árið 2013 bjuggu 25,2% á lægsta tekjubílinu við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað.

*Tíðni verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaðar nær tvöfaldaðist á milli 2008 og 2011 hjá einhleypum fullorðnum með börn*

Í næsta tekjubili fyrir ofan var hlutfallið 8,7%. Hlutfallið var enn lægra í þremur efstu tekjubilunum, en munurinn á milli þeirra var ekki tölfræðilega marktækur.

Þegar þróun yfir tíma er skoðuð eru vísbendingar um að hlutfallið sem býr við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað hafi lækkað í þremur hæstu tekjubilunum. Mynd 6 er ekki eins skýr hvað varðar næstneðsta tekjubilið, en fram til 2009 voru nokkrar sveiflur í þessum hópi, en frá 2009 virðist hlutfallið vera nokkuð stöðugt en leitar þó uppávið, úr 7,1% í 8,7% árið 2013. Munurinn á árunum 2009 og 2013 er tölfræðilega marktækur, þó að breytingar frá ári til árs séu það ekki. Þegar lægsta tekjubilið er skoðað sést að hlutfall þeirra sem bjó við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað hækkaði úr 23,2% árið 2008 í 29,6% árið 2011, en lækkaði svo eftir það og var árið 2013 komið í 25,2%. Hér verður þó að hafa í huga að hlutfallið hafði í raun lækkað á tímabilinu 2006 til 2008, úr 30,4% í 23,2%, og að raunar var ekki marktækur munur á árunum 2006 og 2011 þegar hlutfall þessa hóps mældist hæst.


Ráðstöfunartekjur ráðast meðal annars af heimilisgerð og skiptir þá mestu fjöldi heimilismanna sem afla tekna, en einnig má ætla að heimili njóti stærðarhagkvæmni. Fyrir vikið eru heimili með aðeins eina fyrirvinnu, eins og fullorðnir einstaklingar sem búa einir og einstæðir foreldrar, líklegri til að hafa lágar tekjur. Fjöldi heimilismanna hefur hinsvegar áhrif á húsnæðisþörf heimila og þá sérstaklega fjöldi barna á heimili. Fyrir vikið má ætla að húsnæðisbyrðin sé sérstaklega íþyngjandi fyrir heimili sem eru samsett úr einum fullorðnum einstaklingi með börn. Þá er sennilegt að einhleypir og barnlausir búi við þó nokkra húsnæðisbyrði. Þarfir þessa hóps eru hóflegar en á móti kemur að hann nýtur ekki stærðarhagkvæmni. Tveir fullorðnir án barna hafa að sama skapi takmarkaðar þarfir hvað varðar húsnæði, en njóta þess að hafa tvær fyrirvinnur og því má ætla að húsnæðisbyrði þessa hóps sé með minna móti. Í þessum hópi skiptir aldur einnig umtalsverðu máli, enda ólíkt hvort um er að ræða ungt fólk sem er að koma sér upp heimili og á eftir að eignast börn eða eldra fólk sem á uppkomin börn sem eru flutt að heiman. Hér er hópurinn takmarkaður við heimili þar sem báðir einstaklingar eru undir 65 ára aldri. Heimili tveggja fullorðinna einstaklinga með börn hafa svo auknar þarfir þegar kemur að húsnæði en njóta stærðarhagkvæmni og hafa í flestum tilvikum tvær fyrirvinnur. Inn í þetta spilar svo fjöldi þátta, svo sem aldur og aðgangur að búsetuúrræðum, sem ekki verður fjallað um hér.

Mynd 7 sýnir hlutfall ólíkra heimilisgerða sem bjó við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað á árunum 2004–2013. Árið 2013 var hlutfallið hæst hjá þeim sem bjuggu á heimili sem samsett var úr einum fullorðnum einstaklingi með eitt eða fleiri börn, eða 22,3%. Næst á eftir komu barnlausir einstæðir fullorðnir einstaklingar, eða 16,7%. Næstlægst var hlutfallið á heimilum tveggja fullorðinna án barna, 9,8%, en lægst var hlutfallið hjá þeim sem bjuggu á heimili tveggja fullorðinna einstaklinga með börn, 6,1%.



### Mynd 7. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir heimilisgerð

Figure 7. Housing cost overburden by household types



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Einn fullorðinn með börn  $\pm 7,1$ ; einstaklingur sem býr einn  $\pm 3,6$ ; tveir fullorðnir með tvö börn  $\pm 2,4$  og tveir fullorðnir án barna  $\pm 2,7$ . CI (95%) 2011: One adult with child(ren)  $\pm 7,1$ ; one adult  $\pm 3,6$ ; two adults with two children  $\pm 3,4$  and two adults without children  $\pm 2,7$ .

Þetta hefur þó ekki alltaf verið þannig. Helsta breytingin er að hlutfall þeirra sem búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað og búa á heimilum tveggja fullorðinna með tvö börn hefur lækkað frá 2006. Hlutfallið er hæst fyrir heimili einhleypra og barnlausra flest þau ár sem lífskjararannsóknin nær yfir, en árin 2012 og 2013 eru það þó heimili einhleypra fullorðinna með börn sem eru líklegust til að búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað. Það helgast ekki af lækkandi hlutfalli í fyrrnefnda hópnum, heldur umtalsverðri hækkun í þeim síðarnefnda á tímabilinu frá 2008 til 2011, úr 11,5% í 22,6%. Hafa verður í huga að vegna smæðar þessara tveggja hópa í úrtakinu er munurinn á þeim ekki tölfræðilega marktækur árin 2012 og 2013.


*Hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað hækkaði á árunum 2009–2012*

Áhugavert er að greina hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir aldursbilum (mynd 8). Árið 2013 var hlutfallið hæst í yngsta aldursbilinu, 16,8%. Næst á eftir var aldursbilið 30–39 ára með 8,9%. Hlutfallið var lægst í elsta aldursbilinu, 6,1%. Á milli tveggja síðastnefndu hópanna er fólk á aldrinum 40–64 ára, en munurinn á þeim hópi og hinum hópnum tveimur er ekki tölfræðilega marktækur.

Þróunin yfir tíma er á annan veg fyrir yngsta aldurshópinn en fyrir hina hópana, en eftir 2009 hækkaði hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað úr 13,7% og náði hámarki árið 2012 (20,4%) en lækkaði svo aftur árið 2013. Frá 2006 lækkaði hlutfallið hinsvegar á hinum aldursbilunum.

### Mynd 8. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir aldri

Figure 8. Housing cost overburden by age




**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Yngri en 30 ára  $\pm 4,5$ ; 30-39 ára  $\pm 2,5$ ; 40-64 ára  $\pm 1,4$  og 65 ára og eldri  $\pm 2,1$ . CI (95%) 2011: Under 30 years old  $\pm 4,5$ ; 30-39  $\pm 2,5$ ; 40-64  $\pm 1,4$  and 65 and older  $\pm 2,1$ .

Hlutfall Íslendinga með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað rétt undir meðaltali ESB

Árið 2012 bjuggu 9% Íslendinga við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað, sem var rétt undir meðaltali bæði Evrópusambandsins og evrusvæðisins og nokkurn veginn fyrir miðju dreifingar þeirra Evrópuríkja sem taka þátt í lífsskjararannsókninni. Hæst var hlutfallið í Grikklandi, en það hefur hækkað umtalsvert á undanförunum árum vegna þess mikla lífsskjaravanda sem Grikkland stendur frammi fyrir. Danmörk er svo með næsthæsta hlutfallið, en miklu munar á Danmörku og Grikklandi. Hlutfallið í Danmörku var 18,2% en 33,1% í Grikklandi. Lægst var hlutfallið á Möltu (2,6%) og á Kýpur (3,3%). Finnland var það Norðurlandanna sem er með lægst hlutfall íbúa sem búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað, eða 4,5%.

**Mynd 9. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður árið 2012, evrópskur samanburður**

Figure 9. Housing cost overburden in 2012, European comparison



**Skýringar** Notes: Talan fyrir Írland er frá 2011. *The figure for Ireland is from 2011.* **Heimild** Source: Eurostat.

## Um rannsóknina

Svarhlutfall var 73% og svör fengust frá 8.913 einstaklingum á 3.020 heimilum árið 2013

Lífskjararannsóknin hófst árið 2004 að frumkvæði Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Markmið rannsóknarinnar er að afla greinargóðra sambærilegra upplýsinga um tekjur og lífskjör almennings í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, sem og þeim ríkjum sem eru í aðildarviðræðum við sambandið.

Lífskjararannsóknin er úrtakskönnun þar sem gagna er aflað með viðtölum við þátttakendur í síma. Auk þess er aflað upplýsinga um tekjur þátttakenda og heimilismanna með tengingu við skattskrá. Grunneiningin er heimili fremur en einstaklingar. Úrtakið er fengið á þann hátt að einstaklingar eru valdir með slembni úr þjóðskrá og þar með heimilið sem þeir tilheyra. Sá einstaklingur sem er valinn í úrtakið kallast „valinn svarandi“ og veitir hann allar upplýsingar um aðstæður heimilis, sínar eigin og allra annarra heimilismeðlima.

Úrtak lífskjararannsóknarinnar 2013 var 4.407 heimili. Eftir að þeir sem eru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.126 heimili. Svör fengust frá 3.020 þessara heimila sem er 73,2% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.913 einstaklinga. Lífskjararannsóknin var framkvæmd 11. febrúar til 2. maí árið 2013.

## Skýringar og hugtök

1. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Húsaleigubætur og vaxtabætur teljast þó ekki til ráðstöfunartekna í þeirri skilgreiningu sem notast er við í þessu hefti þar sem þessir liðir dragast frá húsnæðiskostnaði. Samkvæmt skilgreiningu Eurostat telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) fellur ellilífeyrir, eftirlífendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Húsaleigubætur og vaxtabætur* Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxtabætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Eurostat en teljast ekki til tekna.
4. *Húsnæðiskostnaður* Eftirfarandi liðir teljast til húsnæðiskostnaðar; húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru dregnar frá húsnæðiskostnaði hjá þeim sem fá slíkar bætur greiddar.
5. *Byrði húsnæðiskostnaðar* Húsnæðisbyrði er reiknuð sem hlutfall ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem er varið í húsnæðiskostnað. Þegar heildarþróun samfélagsins er skoðuð er almennt miðað við miðgildi húsnæðisbyrðarinnar þar sem dreifing húsnæðisbyrðarinnar er skekkt uppávið.
6. *Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður* Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis.

7. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
8. *Öryggisbil* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og er lagt við töluna og dregið frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil  $\pm 1,2$  eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þess öryggisbils sem gefið er upp. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil beggja talna skarist.
9. *Könnunarár og tekjuár* Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við framkvæmd Eurostat miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár, það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur og afborganir vaxta og verðbóta eru úr skattskrá ársins á undan.

## **English summary**

In 2013 the median housing burden in Iceland was 16.8% of disposable income, having been fairly stable since 2006. Underlying this stability are substantial changes depending on tenure status as the housing burden rose for tenants but fell for owner occupiers.

Overall the proportion of people overburdened by housing costs fell during the period from 2006 to 2013. There are, however, important differences between groups. The overburden rate rose among tenants but fell among owner occupiers, rose among households composed of a single adult with children but fell among households composed of two adults with two children, rose among people under 30 years of age but fell for all other age-groups. The overburden rate was also much higher for people in the bottom quintile of the income distribution than among those with higher incomes.

In 2012 the housing cost burden and the overburden rate in Iceland were near the EU average.

**Tafla 1. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum eftir stöðu á fasteignamarkaði**

Table 1. Share of housing costs in disposable income by tenure status

	Hlutfall Rate										Vik- mörk CI
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2013
Alls, meðaltal <i>Total, mean</i>	23,0	24,9	26,0	22,6	23,3	22,2	23,2	23,0	23,8	22,8	± 0,6
Alls, miðgildi <i>Total, median</i>	16,9	18,3	18,7	16,6	16,5	16,4	17,5	16,0	16,5	16,8	± 0,5
Eigandi, skuldlaust <i>Owner, no mortgage</i>	12,2	12,5	13,7	10,7	10,1	10,1	9,4	7,6	11,4	10,3	± 1,0
Eigandi, lán <i>Owner, with mortgage</i>	17,9	19,8	20,2	17,4	17,5	17,2	18,4	16,1	16,5	16,9	± 0,5
Leigjandi, markaðsverð <i>Tenant, market price</i>	19,7	21,6	21,4	19,9	23,8	22,6	22,6	26,3	24,5	24,5	± 2,2
Leigjandi, lækkað verð <i>Tenant reduced price</i>	13,1	12,2	14,3	15,5	15,4	15,3	14,2	21,5	17,2	17,6	± 2,1

**Tafla 2. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir stöðu á fasteignamarkaði**

Table 2. Housing cost overburden by tenure status

	Hlutfall Rate										Vik- mörk CI
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2013
Eigandi, skuldlaust <i>Owner, no mortgage</i>	6,4	7,2	7,6	6,8	5,0	4,4	3,8	5,1	4,0	7,0	± 2,5
Eigandi, lán <i>Owner, with mortgage</i>	11,3	14,1	17,2	11,8	12,6	9,9	10,1	8,8	7,7	6,8	± 1,3
Leigjandi, markaðsverð <i>Tenant, market price</i>	12,2	16,0	13,2	9,4	17,3	15,7	16,5	21,9	18,1	17,9	± 4,6
Leigjandi, lækkað verð <i>Tenant reduced price</i>	9,0	5,6	3,6	6,3	5,1	9,0	6,7	13,6	14,0	14,4	± 5,0

**Tafla 3. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir tekjufimmtungum**

Table 3. Housing cost overburden by income quintiles

	Hlutfall Rate										Vik- mörk CI
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2013
0–20%	28,3	30,1	30,4	25,4	23,2	25,2	27,9	29,6	27,2	25,2	± 4,4
20–40%	8,3	8,2	12,4	7,4	9,7	7,1	7,9	7,3	8,5	8,7	± 2,5
40–60%	4,8	8,7	8,9	8,5	8,9	7,2	4,6	6,2	3,7	4,4	± 2,3
60–80%	6	8,7	12,9	6,5	8,8	4,8	4,6	5,7	3,8	3,4	± 2,2
80–100%	4,5	7,1	6,9	5,2	6,3	3,1	3,7	2,6	2,7	2,9	± 1,6

**Tafla 4. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir heimilisgerð***Table 4. Housing cost overburden by household type*

	Hlutfall <i>Rate</i>										Vik- mörk <i>CI</i>	
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2013	
Heimili án barna												
<i>Households without dependent children</i>	10,6	12,0	10,9	10,5	11,6	10,2	10,5	10,9	10,8	9,5	± 1,5	
Einn á heimili, undir 65												
<i>One person households, under 65 years</i>	20,3	24,4	19,4	21,5	22,8	22,8	24,9	28,9	22,3	21,8	± 5,4	
Einn á heimili, 65 og eldri												
<i>One person households, 65 years and over</i>	13,8	13,1	14,8	15,6	13,0	10,9	10,4	12,0	11,7	9,5	± 4,1	
Ein á heimili, kona												
<i>One person households, female</i>	19,2	17,9	15,8	16,7	17,1	17,8	16,2	20,0	18,7	17,1	± 5,0	
Einn á heimili, karl												
<i>One person households, male</i>	17,1	23,2	19,7	22,0	21,9	20,1	24,1	25,8	18,0	16,4	± 5,3	
Einn alls												
<i>One total</i>	18,1	20,6	17,9	19,6	19,7	19,0	20,2	23,0	18,3	16,7	± 3,6	
Tveir fullorðnir undir 65, engin börn												
<i>Two adults under 65 years, no children</i>	8,1	11,3	9,8	8,5	11,9	8,4	9,4	7,2	10,3	9,8	± 2,7	
2 fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn												
<i>2 adults, at least one 65+ years, no children</i>	7,7	6,9	4,4	5,6	5,4	5,0	2,3	3,9	4,5	3,4	± 1,9	
Önnur barnlaus heimili												
<i>Other, no dependent children</i>	5,8	4,9	9,0	4,0	3,9	2,5	2,2	3,4	4,7	3,9	± 2,6	
Heimili með börn												
<i>Households with dependent children</i>	10,1	12,9	16,2	10,6	11,2	9,0	9,1	9,7	7,8	8,4	± 1,6	
Einstætt foreldri með barn eða börn												
<i>Single parent, one or more dependent child</i>	15,4	13,7	16,5	14,6	11,5	14,8	18,9	22,6	21,4	22,3	± 7,1	
Tveir fullorðnir með 1 barn												
<i>Two adults, 1 dependent child</i>	7,5	12,0	13,3	9,5	11,5	7,0	6,3	5,1	7,4	7,0	± 3,2	
Tveir fullorðnir með 2 börn												
<i>Two adults, 2 dependent children</i>	11,2	14,8	18,1	8,9	11,9	9,3	9,3	9,9	4,8	6,1	± 2,4	
Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri												
<i>Two adults, 3 or more dependent children</i>	11,0	14,7	20,2	12,0	14,0	11,5	9,9	9,9	7,6	7,4	± 3,5	
Önnur heimili með börn												
<i>Other households with dependent children</i>	6,3	8,1	9,0	10,6	4,6	2,5	1,2	2,8	1,1	4,3	± 2,6	

**Tafla 5. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir aldri***Table 5. Housing cost overburden by age*

	Hlutfall <i>Rate</i>										Vik- mörk <i>CI</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2013
<30 ára <i>years</i>	13,5	12,9	16,4	13,7	15,7	13,7	16,6	17,6	20,4	16,8	± 4,5
30–39 ára <i>years</i>	11,4	14,6	18,7	10,8	14,3	10,1	10,1	11,5	7,5	8,9	± 2,5
40–64 ára <i>years</i>	8,4	11,5	12	10	8,7	8,3	8,5	8,3	7,8	7,5	± 1,4
>64 ára <i>years</i>	9,9	8,7	7,2	8	7,5	7,4	5,4	6,5	6,6	6,1	± 2,1



**Tafla 6. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum árið 2012, evrópskur samanburður**  
 Table 6. Share of housing cost in disposable income in 2012, European comparison

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Austurríki <i>Austria</i>	15,4	13,1	13,2	14,0	14,3	13,8	14,2	14,5	14,3
Belgía <i>Belgium</i>	17,4	16,2	16,8	16,3	18,1	15,7	16,2	16,5	17,6
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	20,5	21,5	21,9	21,7	21,5	21,2	21,0	11,5
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	•	•	22,2	22,7	18,4	14,7	14,6	16,9	19,9
Danmörk <i>Denmark</i>	•	24,7	24,6	24,2	26,9	29,9	28,6	27,2	25,5
Eistland <i>Estonia</i>	•	13,3	13,2	11,5	11,4	11,8	13,5	14,4	14,6
Finnland <i>Finland</i>	11,6	11,5	11,6	12,4	13,2	13,9	12,5	12,2	12,8
Frakkland <i>France</i>	12,3	12,2	13,3	13,0	11,5	12,6	12,1	12,3	12,4
Grikkland <i>Greece</i>	25,4	24,7	25,5	22,4	24,0	23,7	24,2	26,8	31,0
Holland <i>Netherlands</i>	•	27,9	28,0	27,1	26,0	25,4	25,9	26,5	26,7
Írland <i>Ireland</i>	7,5	8,5	8,9	9,1	9,9	10,0	10,7	11,1	•
Ísland <i>Iceland</i>	16,9	18,3	18,7	16,6	16,5	16,4	17,5	18,1	16,5
Ítalía <i>Italy</i>	14,4	14,6	14,7	12,5	12,5	11,8	11,4	11,3	11,3
Króatía <i>Croatia</i>	•	•	•	•	•	•	19,7	12,9	14,2
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	12,4	9,0	8,1	7,9	7,1	7,2	7,5	8,2
Lettland <i>Latvia</i>	•	17,5	15,2	13,2	12,8	13,2	14,7	16,5	16,3
Litháen <i>Lithuania</i>	•	15,4	14,6	12,2	11,0	12,1	14,2	16,4	15,4
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	9,1	8,7	8,9	9,0	8,3	8,7	8,1	7,9	8,5
Malta <i>Malta</i>	•	4,8	6,5	6,1	5,6	6,3	6,1	7,2	7,0
Noregur <i>Norway</i>	13,8	10,5	:	17,9	18,9	18,2	16,3	17,3	16,7
Portúgal <i>Portugal</i>	10,5	8,4	10,3	12,8	11,7	11,3	10,4	11,7	12,9
Pólland <i>Poland</i>	•	20,6	19,8	18,8	17,9	17,1	17,3	17,8	18,3
Rúmenía <i>Romania</i>	•	•	•	20,8	22,4	20,3	19,9	8,7	20,5
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	21,3	22,3	22,4	15,0	18,1	16,7	16,8	16,4
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	9,9	10,0	10,6	11,1	11,1	11,8	12,0	12,3
Spánn <i>Spain</i>	9,7	10,0	10,6	10,9	11,5	13,3	13,3	13,9	14,7
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	•	22,2	22,9	22,0	21,5
Svíþjóð <i>Sweden</i>	19,2	19,5	16,5	17,1	15,8	18,8	16,7	16,8	17,4
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	19,6	20,2	19,9	19,7	18,7	19,1	18,4	19,0
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	22,2	19,1	18,6	20,6	19,9	21,6	21,8	21,8
Þýskaland <i>Germany</i>	•	•	•	•	•	•	21,9	22,5	22,3
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	•	•	•	•	•	17,1	16,9	16,6
Evrusvæðið <i>Euro area</i>	•	14,2	14,7	14,1	13,7	14,1	15,8	16,3	16,7

Heimild Source: Eurostat.

**Tafla 7. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður árið 2012, evrópskur samanburður**  
 Table 7. Housing cost overburden in 2012, European comparison

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Austurríki <i>Austria</i>	7,8	4,4	5,0	5,4	4,7	5,1	4,6	4,8	7,0
Belgía <i>Belgium</i>	12,6	8,6	9,8	10,1	12,5	8,7	8,9	10,6	11,0
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	14,7	16,4	16,3	16,3	16,3	16,5	16,4	7,4
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	•	•	15,4	21,2	13,3	7,0	5,9	8,7	14,5
Danmörk <i>Denmark</i>	•	13,6	16,1	13,4	17,1	24,2	21,9	20,0	18,2
Eistland <i>Estonia</i>	•	7,9	6,8	5,2	3,6	4,4	6,0	7,4	7,9
Finnland <i>Finland</i>	3,8	3,5	3,7	4,7	4,7	4,4	4,2	4,4	4,5
Frakkland <i>France</i>	5,4	5,3	6,0	5,7	4,2	4,0	5,1	5,2	5,2
Grikkland <i>Greece</i>	24,7	22,7	24,6	15,8	22,2	21,8	18,1	24,2	33,1
Holland <i>Netherlands</i>	•	20,2	19,7	18,3	13,7	13,1	14,0	14,5	14,4
Írland <i>Ireland</i>	2,2	2,7	2,5	3,1	3,3	4,0	4,9	6,1	•
Ísland <i>Iceland</i>	10,3	12,5	14,3	10,5	11,4	9,5	9,6	11,3	9,0
Ítalía <i>Italy</i>	12,8	12,7	12,3	7,7	8,1	7,5	7,5	8,4	7,9
Króatía <i>Croatia</i>	•	•	•	•	•	•	14,2	8,0	6,8
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	6,6	3,0	1,7	1,8	2,4	3,1	3,1	3,3
Lettland <i>Latvia</i>	•	12,8	10,5	9,9	8,7	9,3	9,8	12,5	11,2
Litháen <i>Lithuania</i>	•	9,0	6,9	4,8	4,8	5,6	10,6	11,1	8,9
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	4,5	3,8	4,8	3,9	3,7	3,7	4,7	4,2	4,9
Malta <i>Malta</i>	•	1,7	1,8	2,5	3,3	2,8	3,7	3,0	2,6
Noregur <i>Norway</i>	8,2	4,3	10,5	12,9	12,5	10,9	9,1	10,4	9,9
Portúgal <i>Portugal</i>	4,7	4,3	4,5	7,4	7,6	6,1	4,2	7,2	8,3
Pólland <i>Poland</i>	•	16,5	12,0	10,5	9,7	8,2	9,1	10,2	10,5
Rúmenía <i>Romania</i>	•	•	•	18,4	18,7	15,3	15,0	9,9	16,5
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	14,6	16,4	17,8	5,6	9,4	7,6	8,4	8,4
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	4,7	3,0	5,0	4,4	3,9	4,3	4,7	5,2
Spánn <i>Spain</i>	4,9	5,3	7,4	8,3	10,1	12,8	13,2	13,8	14,3
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	•	13,2	14,1	13,1	12,0
Svíþjóð <i>Sweden</i>	9,2	9,2	9,6	7,9	8,1	9,6	6,5	7,9	7,6
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	10,0	10,8	10,3	12,8	8,9	9,7	9,5	10,0
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	18,1	12,3	10,9	11,6	8,9	11,3	11,8	13,5
Þýskaland <i>Germany</i>	•	•	•	•	•	•	14,5	16,1	16,6
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	•	•	•	•	•	11,0	11,6	11,2
Evrusvæðið <i>Euro area</i>	•	9,2	9,7	8,4	8,3	8,4	10,0	11,1	11,7

Heimild Source: Eurostat.



**Hag tíðindi** **Laun, tekjur og vinnumarkaður**  
**Statistical Series** ***Wages, income and labour market***

99. árg. • 10. tbl.

ISSN 0019-1078

2014:3

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Kolbeinn Stefánsson • kolbeinn.stefansson@hagstofa.is

Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)